

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/1486**

2016/EES/18/17

frá 2. september 2015

**um leyfi fyrir kantaxantíni sem fôðuraukefni fyrir tiltekna flokka alifugla,  
skrautfiska og skrautfugla (\*)**

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE <sup>(2)</sup>.
- 2) Kantaxantín var leyft samkvæmt tilskipun 70/524/EBE án tímamarka fyrir alifugla og með tímamörkum fyrir skrautfugla og skrautfiska. Varan var síðan færð inn í skrána yfir fôðuraukefni sem fyrirbyggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, var lögð fram umsókn um endurmat á kantaxantíni og blöndum með því fyrir tiltekna tegundir alifugla (kjúklinga og aukategundir alifugla til eldis, alifugla til varps og alifugla, sem aldrei eru til að verða varpfuglar), skrautfiska og skrautfugla og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, fyrir nýja notkun í drykkjarvatn fyrir allar þessar tegundir og flokka. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“, virka hópinn „litgjafar“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 3. desember 2013 <sup>(3)</sup> að við tillögð skilyrði fyrir notkun í fôður hafi kantaxantín ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að kantaxantín sé áhrifaríkt við litun á eggjarauðum og húð/fitu alifugla og geti mögulega bætt litarefni í fjöðrum skrautfugla og litarefni í roði skrautfiska. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sérstökum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraukefnin í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á kantaxantíni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessa efnis eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð. Fastsetja ætti hámarksinnihald fyrir kantaxantín. Þetta aukefni má nota í fôðurlöndu sem er síðan gefin með vatni.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 229, 3.9.2015, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fôðri (Stjtið. ESB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

<sup>(3)</sup> *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(1), 3527.

## SAMBYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „litgjafar“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*

1. Efnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnið, sem eru framleidd og merkt fyrir 23. mars 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. september 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

2. Fóðurlöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 23. september 2016 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. september 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis.

3. Fóðurlöndur og fóðurefni sem innihalda efnið, sem eru tilgreind í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 23. september 2017 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 23. september 2015 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem ekki gefa af sér afurðir til mannelis.

*3. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. september 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

## VIÐAUKI

Kenningar aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihald		Önnur ákvæði	Hámarksgríði leifa	Leyfi rennur út
						Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald			
							mg af virku efni/kg heilföðurs með 12% rakannihald			
<b>Flokkur skynrænna aukefna. Virkur hópur: Litgjafar</b>										
<b>ii. Efni sem gefa matvælum úr dýraríkinu lit hafi þau verið gefin dýrunum</b>										
2a161g	—	Kantaxantín	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Kantaxantín.</p> <p>Trifenýlfosfínóxíð ≤ 100 mg/kg</p> <p>Diklórmetan ≤ 600 mg/kg</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>— Kantaxantín</p> <p>— C<sub>40</sub>H<sub>52</sub>O<sub>2</sub></p> <p>— CAS-númer: 514-78-3</p> <p>— Kantaxantín, fast form, framleitt með efnasíði.</p> <p>— Hreinleiki:</p> <p>Magngreining: að lágmarki 96%</p> <p>Karóténíð, önnur en kantaxantín: ekki meira en 5% af litunarefnum alls</p> <p><i>Greiningaraðferð(1)</i></p> <p>1. Til að magnávarða kantaxantín í fôðuraufnum: litrófsmæling við 426 nm.</p> <p>2. Til að magnávarða kantaxantín í forblöndum og fôðri: Háþrýstivaskiljun með skautuðum stöðufasa með sýnilegri greiningu (NP-HPLC-VIS, 466 nm).</p>	Eldisjúklingar og aukategundir alifugla til eldis.	—	25	1. Setja má kantaxantín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu	Alifuglar 15 mg kantaxantíns/kg lifur (blautur vefur) og 2,5 mg kantaxantíns/kg húð/fitu (blautur vefur)	23.9.2025.	
				Alifuglar til varps og alifuglar sem eru aldir til að verða varpfuglar	—	8	2. Blöndun kantaxantíns við önnur karóténíð og xantófýli skal ekki fara yfir 80 mg/kg heilföðurs.	Alifuglar til varps 30 mg kantaxantíns/kg eggjarauðu (blautur vefur)		
							3. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunaryörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.			

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrámsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fôðuraufefni: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishalá	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihald		Ónnur ákvæði	Hámarks- gildi leiða	Leyfi rennur út
						Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald			
2a161g	—	Kantaxantín	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Kantaxantín.</p> <p>Trifenýlfosfínóxið (TPPO) ≤ 100 mg/kg</p> <p>Diklórmetan ≤ 600 mg/kg</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>— Kantaxantín</p> <p>— C<sub>40</sub>H<sub>52</sub>O<sub>2</sub></p> <p>— CAS-númer: 514-78-3</p> <p>— Kantaxantín, fast form, framleitt með efnasmíði.</p> <p>— Hreinleiki:</p> <p>Magnreining: að lágmarki 96%</p> <p>Karóténíð, ónnur en kantaxantín: ekki meira en 5% af litunarefnum alls</p> <p><i>Greiningaraðferð (*)</i></p> <p>Til að magnávarða kantaxantín í fóðuraufinu: litrófsmæling við 426 nm.</p> <p>Til að magnávarða kantaxantín í forblöndum og fóðri: Háþrýstivaskiljun með skautuðum stöðufasa með sýnilegri greiningu (NP-HPLC-VIS, 466 nm).</p>	Skrautfiskar og skrautfuglar, að undanskildum skrauthænum til undaneldis.	—	—	100	1. Seija má kantaxantín á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu.		23.9.2025.
				Skrauthænur til undaneldis	—	—	8	2. Blöndun kantaxantíns við ónnur karóténíð og xantófýl skal ekki fara yfir 100 mg/kg heilfóðurs.		
								3. Til að tryggja öryggi skal við meðhöndlun nota öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanska.		

**Flokkur skynrænna aukefna. Virkur hópur: Litgjafar**

**iii. efni sem bæta lit skrautfiska eða -fugla**

(\*) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fánlegar á eftirfarandi síðu tilvissuannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraufefni: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/1489****2016/EES/18/18****frá 3. september 2015****um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 30238 og *Pediococcus pentosaceus* NCIMB 30237 sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður.
- 2) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru blöndur með *Lactobacillus plantarum* MBS-LP-01 (NCIMB 30238) og með *Pediococcus pentosaceus* MBS-PP-01 (NCIMB 30237) færðar inn í skrána yfir fóðurukefni, sem fyrirleggjandi vörur sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfóður, fyrir allar dýrategundir.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. hennar, voru lagðar fram tvær umsóknir um leyfi fyrir blöndunum sem fóðurukefnum fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnin yrðu sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 23. maí 2012 <sup>(2)</sup> og 11. september 2014 <sup>(3)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi blöndurnar sem um er að ræða ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blöndun þessara blandna með *Pediococcus pentosaceus* NCIMB 30237 og *Lactobacillus plantarum* NCIMB 30238, geti, þegar þær eru notaðar í hlutfallinu 8:2, mögulega minnkað niðurbrot næringarefna í votfóðri, sem er tilreitt úr efni sem er auðvelt, meðalerfitt og erfitt að votfóðursverka. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðurukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 231, 4.9.2015, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

<sup>(2)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2012) 10(6), 2732 og 2733.

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(9), 3829.

- 5) Tvær umsóknir voru metnar sérstaklega m.t.t. öryggis og skilvirkni en Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að eingöngu hafi verið sýnt fram á skilvirkni í blöndu af báðum blöndunum í nákvæmum hlutföllum. Því er lagt til að veita einungis leyfi fyrir einni blöndu. Mat á blöndu með *Lactobacillus plantarum* NCIMB 30238 og *Pediococcus pentosaceus* NCIMB 30237 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fæður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votföður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fæður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

#### Umbreytingarráðstafanir

Blönduna, sem er tilgreind í viðaukanum, og fæður sem inniheldur hana, sem eru framleidd og merkt fyrir 24. mars 2016 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 24. september 2015, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

3. gr.

#### Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. september 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnamóla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						CFU/kg fersks efnis			
1K21008	—	<i>Lactobacillus plantarum</i> NCIMB 30238 <i>Pediococcus pentosaceus</i> NCIMB 30237	Samsetning aukefnis Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> NCIMB 30238 sem inniheldur að lágmarki $2,0 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis og <i>Pediococcus pentosaceus</i> NCIMB 30237 sem inniheldur að lágmarki $2,6 \times 10^{10}$ CFU/g aukefnis. <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Lífvænlegar frumur <i>Lactobacillus plantarum</i> NCIMB 30238 og <i>Pediococcus pentosaceus</i> NCIMB 30237. <i>Greiningaraðferð</i> (1) Ákvörðun á heildarfjölda <i>Lactobacillus plantarum</i> NCIMB 30238 í fóduraukefninu: dreifingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (EN 15787). Sanngreining á <i>Lactobacillus plantarum</i> NCIMB 30238: Rafráttur á geli í púlssviði (PFGE). Ákvörðun á heildarfjölda <i>Pediococcus pentosaceus</i> NCIMB 30237 í fóduraukefninu: dreifingaraðferð (EN 15786) Sanngreining á <i>Pediococcus pentosaceus</i> NCIMB 30237: Rafráttur á geli í púlssviði (PFGE).	Allar dýra- tegundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði. 2. Lágmarksinnihald <i>Lactobacillus plantarum</i> NCIMB 30238 og <i>Pediococcus pentosaceus</i> NCIMB 30237: $1 \times 10^8$ CFU (hlutfall 1:4)/kg af fersku efni. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn, augnhlífir og hlífðarhanska við meðhöndlun.	24. september 2025

## Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í voffóður

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fánlegar á eftirfarandi síðu tilvísunarrannsóknarstofnunar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/euri/feed-additives/evaluation-reports>

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2015/1490****2016/EES/18/19****frá 3. september 2015****um leyfi fyrir blöndu með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum* sem fóðuraukefni  
fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Pancosma France S.A.S.) (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum*. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum* í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem aukefni í fóður fyrir eldiskjúklinga.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 27. janúar 2015 <sup>(2)</sup> að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum* ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti bætt fóðurstuðul hjá eldiskjúklingum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Mat á blöndu með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr *Capsicum* sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 231, 4.9.2015, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(<sup>2</sup>) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2015 13(2), 4011.



Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. september 2015.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Jean-Claude JUNCKER*

forseti.

---

## VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihald	mg/kg heilföðurs með 12% rakainnihald		
<b>Flokkur dýræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)</b>									
4d11	Pancosma France S.A.S.	Blanda með karvakróli, sinnamaldehyði og óleóresíni úr <i>Capsicum</i>	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Blanda með karvakróli, sinnamaldehyði, óleóresíni úr <i>Capsicum</i> með að lágmarki:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— 4,6–5,3% karvakról</li> <li>— <math>\geq 2\%</math> óleóresín úr <i>Capsicum</i> (með samanlagt innihald kapsaisins og dihýdrókapsaisins sem nemur 0,06–0,21%)</li> <li>— 2,6–3,2% sinnamaldehyð</li> </ul> <p><i>Lýsing á eiginleikum virku efnaanna</i></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— karvakról (1) (hreinleiki <math>\geq 98\%</math>)</li> <li>— <math>C_{10}H_{14}O</math> CAS-númer: 499-75-2</li> <li>— sinnamaldehyð (1) (hreinleiki <math>\geq 98\%</math>)</li> <li>— <math>C_9H_8O</math> CAS-númer: 104-55-2</li> </ul> <p>— óleóresín úr <i>Capsicum</i> með samanlagt lágmarksinnihald kapsaisins og dihýdrókapsaisins sem nemur 6–7%</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> (2)</p> <p>Til að magnakvarða karvakról, sinnamaldehyð, kapsaisín og dihýdrókapsaisín í fôðuraukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Gasgreining með logajónunargreiningu (GC-FID)</li> </ul>	Eldis- kjúklingar	—	—	100	<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Í notunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluskilyrði og kögglafestu.</li> <li>2. Ekki skal nota aukefnið með öðrum gjöfum karvakróls, sinnamaldehyðs, kapsaisins og dihýdrókapsaisins.</li> <li>3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.</li> <li>4. Ráðlagður lágmarksskammtur: 100 mg/kg heilföðurs.</li> </ol>	24. september 2025

(1) Sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum, rafræn útgáfa: „Specifications for Flavourings“. <http://www.fao.org/ag/agn/jeclia-flav/index.html#T>(2) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofnunar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/curi/feed-additives/evaluation-reports>